



Hluti gildandi deiliskipulags Vogahverfis samþykkt í borgarráði 1.sept.2010 kv.1:2000



Deiliskipulagsbreyting kv. 1:2000



HLUTI ADALSKIPULAGS REYKJAVÍKUR 2001-2024

Skýringar

- - - Mörk deiliskipulagsbreytingar
- Núverandi byggingar
- Bundin byggingarlína
- Óbundin byggingarlína
- Lóðarmörk
- Hljóðveggur
- Hjóla- og göngustígar
- Göngustígar
- Almenningsgöngur
- Byggingarreitur fyrir færnlega leikstofu
- Núverandi leikskólabyggingar

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur fengið meðferð í samræmi við ákvæði 1.mgr.43 gr.skipulags-og byggingarlaga nr.123/2010 var samþykkt í Skipulagsráð þann 24. ág. 2011 og í Borgarráði þann 1. sept. 2011.

Tillagan var auglýst frá 15. júní 2011 með athugasemda-dfesti til 28. júlí 2011.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 20 .

staðgreinir 1.512.4

Verk	SUÐURLANDSBRAUT 75	Teikn.nr.	1
	Leikskólinn STEINAHLIÐ	Mkv.	1:1000
Deiliskipulagsbreyting			
Teiknað/hannað af	DH	Dags.	19.05.11
			A2
Rúnar Gunnarsson arkitekt fai 090550-7999			
Dagný Helgadóttir arkitekt fai 220849-3769			
Anna Pála Pálsdóttir arkitekt fai 170953-5179			
Framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkurborgar Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411- 8000			

GREINARGERÐ:

Í gildi er deiliskipulagið Vogahverfi samþykkt í borgarráði 01.09.2010. Leikskólinn Steinahlíð er staðsettur á gróinni lóð Sumargjafar á grænu svæði, sem er einnig opið almenningi. Leikskólinn er starfræktur í tveimur húsum, aðalhúsið er frá 1932 og nýrra hús er frá 1994, þar er enn fremur aðstaða fyrir vinnuhópa og þá sem heimsækja garðinn. Í leikskólanum dvelja nú um 30 börn. Vegna fjölgunar í leiksskólanum er ráðgert að setja færnlegt hús á lóðina. Húsið verður staðsett í grænu svæði umlukið háum trjám í góðum tengslum við leiksvæði leikskólans. Það mun rúma um 40 börn auk vinnuaðstöðu starfsfólks og nýtt eldhús fyrir leikskólann. Að öðru leyti gilda eldri skilmálar óbreyttir.

Breytingin felst í:

- Gerður er reitur fyrir færnlega leikstofu á opnu grænu svæði sem er umlukið gróðri.


HELSTU STÆRÐIR FYRIR BREYTINGU

Lóð leikskólans: 3.2 ha
Núverandi leikskólabyggingar: 287 m2

Fjöldi bílastæða: 9

HELSTU STÆRÐIR EFTIR BREYTINGU

Lóð leikskólans: 3.2 ha
Núverandi leikskólabyggingar: 287 m2
Færnleg leikstofa allt að: 230 m2
Heimil hámarkshæð færnlegrar leikstofu er 4.3 m frá gólfkóta
Leikskóli og færnleg stofa: 517 m2
Fjöldi bílastæða: 9



Sníð A-A

ÚR GREINARGERÐ GILDANDI DEILISKIPULAGS:

1.1. Mörk skipulagssvæðis og sérkenni

Deiliskipulag Vogahverfis ámarkast af Sæbraut til austurs, Suðurlandsbraut til suðvesturs, skólaíóðum MS og Vogaskóla og Skeiðarvogi til norðvesturs. Skipulagsreitirinn tekur til byggðar við Gnoðarvog, Barðavog, Eikjuvog, Langhóltsveg, Nökkvavog, Karfavog, Snekkjuvog og Færjuvog.

Útivistarmöguleikar eru miklir. Hverfið er í góðum tengslum við Laugardal, þar sem m.a. er íþróttaleikvangur, íþróttafélag og sundlaug. Stutt er í Elliðaárdal, smábátahöfn Snarfara og Geirsnef. Innan hverfisins er Steinahlíð, um 3.2 ha gróð land.

1.8. Opín græn svæði

Andrými / leiksvæði er milli Langhóltsvegjar og Barðavogs. Þar var starfræktur gæsluvöllur, en nú er þar aðstaða dagforeldra að deginum. Leiksvæðið er annars opið.

Í Steinahlíð er reikinn leikskóli og þar er stórt svæði, sem er opið fyrir almenning.

2. Vistvæn skref, leiðir að markmiðum

- Hverfið verði vænt og grænt. Þar verði stuðlað að möguleikum á heimarsæktun, bæði garðrækt og útyrækt til að lengja ræktunartímann vor og haust. Byggingarreiturinn er það rúmið að innan þeirra er víðast svigrúm til að reisa stakstæð gróðurhús eða hafa ræktunarskála í tengslum við íbúðarhús eða bligeymalur.
- Steinahlíð er fallett grænt svæði í eigu og umsjá Barnavinafélagsins Sumargjafar. Svæðið er opið fyrir almenning, þar er leikskóli og þangað koma aðrir leikskólar í útlíkennslu. Í Steinahlíð er gert ráð fyrir ræktunareitum á afmörkuðu svæði. Þar verði börnum kennd lífræn ræktun og þannig stuðlað að framleiðsu matvæla í hverfinu. Eðlilegt er að börn úr Steinahlíð og Vogaskóla hafi forgang um garða, en einnig væri hægt að bjóða gestagarða fyrir aðra leikskóla og Náttúruskólann. Auka má sjálfbærni með kennslu, t.d. með fræðslustígi sem gæti nýst barnaheimilum og Náttúruskólanum. Þar mætti flétta inn

ÚR GILDANDI SKILMÁLUM:

1.8. Svæði S. Steinahlíð v. Suðurlandsbraut

- Lóðin Steinahlíð er sannkolluð náttúruperla í miðri Reykjavík. Svæðið er í eigu Barnavinafélagsins Sumargjafar og er opið fyrir almenning. Á lóðinni eru tvö stakstæð hús. Steinahlíð og Úthlíð. Leikskólinn Steinahlíð hefur verið starfræktur þar frá 7. nóvember 1949 og er næststærsti leikskólinn í Reykjavík. Í leikskólanum dvelja 30 börn samtímis, en þeim er skipt í tvo hópa eftir aldri. Steinahlíð var teiknuð af dönskum arkitekt og byggð árið 1932 en gefin Barnavinafélaginu Sumargjöf árið 1949. Úthlíð var byggð árið 1994. Steinahlíð er kjallari, ein hæð og ris með kvistum, en Úthlíð er einnar hæðar. Ekki er gert ráð fyrir öðrum húsum á lóðinni. Steinahlíð er fallett hús og verði því haldið vei við (sjá skýrslu Árbæjarsafns).
 - Gert er ráð fyrir að Úthlíð verði óbreytt. Gert er ráð fyrir óbreyttri notkun húsnæðis á lóðinni, þ.e. fyrir dagheimili / leikskóla.
 - Þingvörðir eða „töfratré“ er á lóð Steinahlíðar. Hann var tré ágústmánaþar 2008, tilnefnt af Skógræktarfélagi Reykjavíkur. Gert er ráð fyrir að vernda tré meðan því endist aldri.
 - Aðkoma að lóðinni er frá Suðurlandsbraut. Gert er ráð fyrir eitt að 15 bílastæðum á lóðinni.
 - Aðrar hugmyndir um svæðið, sjá kaflann um vistvæn skref.
- agt er til að hús Steinahlíðar verði fríðað.